

## Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2015-2016

6. tbl. 2015

26. febrúar 2016

### Skilaboð kýrinnar

Það er ómetanlegt að kunna að lesa líðan gripa sinna út frá hegðun þeirra. Með því er hægt að greina sjúkdóma á byrjunarstigi eða vöntun á einhverju, s.s. næringu, bættum aðbúnaði o.s.frv. Til þess að geta nýtt okkur þessar upplýsingar verðum við að geta lesið úr „skilaboðunum“ sem kýrnar senda okkur. Þau eru að sjálfsgöðu einstaklingsbundin en nokkur lyklatríði er gott að hafa í huga þegar gengið er um fjósið. Gott er að tileinka sér gagnrýnið hugarfarar:

- Hvað sé ég?
- Af hverju er þetta svona?
- Hvernig á ég að bregðast við?

Þeir þættir sem gott er að tileinka sér að horfa eftir mætti skipta niður í átta atriði sem ber að hafa gaum á.

### Hreyfingar

Heilbrigð kýr er virk og fylgist með umhverfi sínu. Hún þefar af áhuga og forvitin augun taka eftir umhverfinu. Hún hreyfir sig mikið og eyðir ekki mörgum klukkustundum á hverjum stað. Kýr liggja að meðaltali um 14 klst á sólarhring en skipta legunni upp í margar lotur. Sé allt eðlilegt liggja þær ekki nema 0,5-3 klst í einu. Ef þær liggja lengur, eða standa lengi í básunum áður en þær leggjast, er það merki um að þeim finnist óþægilegt að leggjast/standa upp. Athuga ber hvort básamilligerðir séu rétt stilltar og hvort legusvæðin séu nógu mjúk því það er mikið álag á hné gripanna að leggjast niður og standa upp. Ef 10% gripanna sem eru að hvíla sig eru standandi er það viðvörunarmerki um óþægindi í básum eða milligerðum. Það er hagur bóndans að legutími sé ekki skertur því í hvíld er blóðflæðið hlutfallslega mest til júgursins og verður mjólkurframleiðslan þar með meiri.

Á milli þess sem kýrnar liggja eru þær að éta og sinna náttúrulegu atferli sínu s.s. viðhalda virðingarröðinni innan hópsins, beiðsli, þrifnaður o.fl. Þær éta um 7-12 sinnum á sólarhring í um 45 mínútur í senn. Í heildina gerir það um 6 klst á sólarhring. Ef ys og þys er við fóðurganginn gæti það þýtt að göngusvæði í kringum hana sé of þröngt eða ekki nógu mörg átpláss fyrir fjöldann í fjósinu. Kýrnar sem eru neðar í virðingarröðinni (oft kvígur) láta þá undan þeim sem eru hærra settar og bíða eftir plássi. Oft á tíðum er þetta ástæðan fyrir lágri nyt hjá fyrsta kálfs kvígum, sérstaklega þar sem þekkt er að kvígur éta oft minna í einu og oftar en fullorðnar kýr vegna minna vambarrýmis. Kýr vilja drekka í friði alveg eins og þær vilja éta í friði. Ef vatnskör eru staðsett við gjafaaðstöðu getur það haft truflandi áhrif á drykkjuna. Ef kýr drekkur ekki nóg sést það á augum hennar sem verða innsokkin og húðin strekkist. Svo mjólkur hún alls ekki nóg ef hún drekkur ekki nóg vatn.

Sleip gólf eru stundum vandamál í lausagöngu en þá ganga kýrnar ekki eðlilega. Þær reyna að velja sér stamari hluta gólfsins til að ganga á, taka stutt en gleið skref og með hangandi höfuð.

## Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2015-2016

6. tbl. 2015

Stundum sjáum við kýr standa með framfætur upp í legubásum í lausagöngu. Slíkt getu verið merki um hitastress. Það kemur kannski spáskt fyrir sjónir að á Íslandi sé það vandamál en oft á tíðum er loftræstingu ábótavant og velja kýrnar þá að hækka undir framfótum sínum. Þetta gera þær til að létta álagi á þindinni og létta þar með andardráttinn sinn.

### Fótaheilbrigði og klaufsnyrting

Góð klaufhirða er grundvöllur góðra afurða. Ef kýr er slæm í fótum veigar hún sér við hreyfingu og fylgir þ.a.l. ekki eftir þörfum sínum til fulls. Til dæmis stendur hún minna við átið, drekkur kannski ekki nóg og liggur of mikið. Sé klaufsnyrt tvisvar á ári ættu ofvaxnar klaufir ekki að vera vandamál.

Kýr með fótamein ganga oft með kryppu á baki og lyfta jafnvel halarótinni lítilliga. Það er merki um mikið álag á grindarsvæðið. Sár á hækklum og fótum benda til þess að básar/milligerðir séu að nudda kýrnar eða að mottur í básum séu ekki nægilega mjúkar

### Hreinleiki

Heilbrigðar og vel hirtar kýr eru hreinar og glansandi, án allra klepra. Vanlíðan kemur fljótt fram á gljáa háranna. Kúm sem líður illa verða gjarnan úfnar.

### Át

Ef kýr étur vel er vömbin vel fyllt. Strax á fyrsta sólarhring eftir að hún hættir að éta vel myndast svokallaður svangi. Svangi er dæld í vömbina framan við mjaðmahornið/malarhornið undir þverþornunum hægra megin. Þessi dæld kallast líka „viðvörunarþríhyrningur“ en þetta er eitt augljósasta merkið sem kýrnar sýna okkur. Kýr vilja éta að lágmarki á 2-3 klst fresti svo þessi þríhyrningur ætti ekki að sjást á neinum grip í fjósinu ef allt er í fullkomnu lagi. Dæmi um þetta merki má sjá hér til hliðar. Ef vika er liðin frá því að átið minnkaði er farið að sjá meira á ummáli hennar og dæld farin að sjást aftan við rifbeinin líka, kýrin telst þá orðin kviðdregin. Að mánuði liðnum er kýrin farin að taka verulega af holdafari sínu samhliða minnkuðu ummáli. Það er því eðlilegt að horfa eftir dældum á vambarsvæðinu á hverjum degi og holdastiga allar kýr einu sinni á mánuði.



Fóðurleifar teljast eðlilegar ef þær eru um 5-10%. Í mjaltakerfum er oft hægt að skoða skýrslu yfir kjarnfóðurleifar með einföldum hætti og ætti að gera það daglega. Minnkað át getur verið merki um ótal marga sjúkdóma eða beiðsli sem mikilvægt er að fylgjast með.

### Skítur

Margt má lesa út úr skítum sem gefur okkur vísbendingu um meltinguna. Skíturinn á að staflast lítillega upp á gólfinu, allt þynnra en það bendir til vitlausrar fóðrunar. Hann á heldur ekki að vera slepjugur eða minna á baunasúpu. Hann getur líka orðið of þykkur og staflast þá ekki lengur upp heldur myndar einskonar haug þannig að hann líkist helst hrossaskít. Of þykkur skítur festist ekki við stígvél ef stigið er í hann. Það er líka til marks um að fóðra þurfi meira á kolvetnum og draga úr tréni. Síðan er mjög gagnlegt að setja skít í sigti og skola vel í gegnum sigtið með vatni. Leifarnar sem verða eftir er ómelti hluti fóðursins. Það gefur okkur líka góðar um hvernig virkni meltingarinnar er.



Mynd 1: Skítur af réttum þykkleika

Góð melting byggist á jórtrun. Þegar horft er yfir fjósið ætti 85% liggjandi kúa ættu að vera jórtrandi.

### Spenar/júgur

Klippa þarf fínleg hár af júgrum og milli spena til að koma í veg fyrir að skítur safnist þar. Gott er að skoða spenaendana strax eftir mjaltir. Spenninn og spenaendinn á að vera bleikur á litinn og líta alveg eins út fyrir og eftir mjaltir. Ef utan um opið er hvítur eða bláleitur hringur er líklegt að slímhimnan sé að dragast út. Það kallar á yfirferð mjaltabúnaðar því ef spenaopið lokast ekki vegna slímhimnunnar þá er greið leið fyrir sýkla upp í júgrið.

Þættir eins og steinefna/snefilefnaójafnvægi, óreglulegt át o.fl. hefur óbeint áhrif á júgurheilbrigði þar sem það getur veikt ónæmiskerfið. Það er því ekki hægt að skrifa öll júgurbólguþilfelli á verklag við mjaltir eða mjaltabúnaðinn sjálfan án frekari skoðunar.

### Að lokum

Vonandi hefur þessi upptalning orðið til þess að þið sjáið betur líðan gripanna ykkar þegar þið kíkið á þær næst. Hins vegar þori ég að fullyrða að á öllum bæjum komi upp svokölluð „blinda“ á aðstæðurnar í eigin fjósi. Þá er gott ráð að heimsækja nágretta eða bjóða þeim í heimsókn. Síðan má alltaf kalla til ráðunauta í heimsókn til skrafs og ráðagerða.

Guðfinna Lára Hávarðardóttir  
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
glh@rml.is